

Raunverulegar vettvangsrannsóknir við Bakkafjöru

Grein

Sveinn Rúnar Valgeirsson
Höfundur er skipstjóri á
Lóðsinum.



Við lestur skýrslu stýrihóps vegna ferjuhafnar við Bakkafjöru eru notuð nokkur reiknilkön, sem eru mötuð á hinum ýmsu gögnum til að fá út hinar ýmsu niðurstöður í þessari skýrslu. Ég hef alvarlegar athugasemdir við nokkur mikilsverð gögn sem þar eru notuð. Sumstaðar er notast við mjög ófullkomin gögn og eða gögn sem eru fengin með tölvuútreikningum (sýndargögn eða sýndarveruleiki.)

Þau gögn eru til dæmis: Sjávarföll og sjávarfallastraumar-efnisburður (þar talar skýrslu höfundur um ýtarlegar rannsóknir á kornastærð á sandbotni og að tekin hafi verið hátt í 300 sýni undan Bakkafjöru og Markarfliotsós).

Það var farin ein ferð á Lóðsinum í sýnatöku í apríl 2006 og tókum við 230 sýni sjávarmegin í þeirri ferð og restin var tekin í landi næsta dag. Ekki hafa farið fram neinar aðrar sýnatökur síðan þá, mér vitanlega.

Þá hafa engar líkanatilraunir farið fram á vestsuðvestan og suðaustan öldum, sem eru þó þær öldur sem koma til með að skapa hættulegustu aðstæður við Bakkafjörühöfn (einingis hafa verið gerðar tilraunir með 5 öldu, sem er sú öldustefna sem minnstu hættu getur skapað við Bakkafjöru).

Allar forsendur varðandi frátafir á ferðum vegna sjólags við Bakkafjörühöfn eru fengnar frá tveimur öldumæladaflum og gefnum forsendum sem eru síðan notaðar í reiknilíkani til að finna út viðmiðunarölduhæð við Bakkafjöru! Aldrei hefur verið farið upp í Bakkafjöru til að sannreyna þessar gefnu forsendur fyrir viðmiðunarölduhæð!

Frá júlí 2004 hefur undirritaður farið allar dýpismælingaferðir sem eru þó innan við 10 ferðir að sýnatökufærðinni með talinni. Þessar ferðir eru ekki farnar ef öldumælingadul sýnir meira en einn metra í Bakkafjöru. Allar mælingar við Bakkafjöru eru byggðar á þessum ferðum utan öldumælingadulfs sem er þar.

Það hefur aldrei verið farið að Bakkafjöru til að skoða aðstæður við yfir tveggja metra ölduhæð, hva þá þegar er komin fjögurra metra ölduhæð sem er hámarks ölduhæð til að sigla inn í fyrirhugaða ferjuhöfn.

Allar niðurstöður þessarar skýrslu varðandi efnisflutninga-frátafir vegna veðurs og öryggi sjóleiðarinnar milli Vestmannaeyja og Bakkafjöru eru fengnar á miklu leyti úr gefnum forsendum eða reiknilíkönunum þar sem forsendur eru heimfærðar upp á Bakkafjöru, eða sjóleiðina milli Vestmannaeyja og Bakkafjöru.

Á bls. 6: Samspil öldufars og efnisburðar. Þar er sett upp reiknilíkan: Ölduhæðir-dýptarmælingar-kornastærðir- og rúmþyngd-sjávarföll-og-



ALDA rís utan við rifid.

sjávarfallastrauma og rennsli úr Markarflióti. (Engar straummælingar hafa farið fram við Bakkafjöru). Hér er EKKI notast við gögn fengin með mælingum á staðnum. Á bls. 18 um Áhættugreiningu siglingaleiðar. Þar tekur nú fyrst steininn úr. Engar athuganir eða mælingar hafa farið fram á þessari siglingaleið (hvorki í góðu veðri eða slæmu.)

Þarna er talað um sandrif á 5 til 6 m dýpi, þar sem öldur brotna í miklum vindi. Sjá myndir, sem voru teknar í blföskaparveðri. Einnig var tekið mið af reynslu af siglingu núverandi ferju milli Þorlákshafnar og Eyja.

Í helstu niðurstöðum áhættumatsins segir að siglingaleiðin til Bakkafjöru sé 60% öruggari en til Þorlákshafnar.

Byggist sú staðhæfing einkum á lengd siglingaleiðanna og mismun á farþegaþjölda í ferjunum.

Miðað við þetta væri siglingaleiðin 100% öruggari ef enginn farþegi væri um borð í ferjunum? Hverslags viska er þetta?

Ég ætla að taka það fram að ég hef enga skoðun á því hvort Siglingastofnun geti reist þetta mannvirki eða hvernig á að hafa það.

Ég hef aftur á móti miklar efasemdir um öryggi og notagildi Bakkafjörufarnar fyrir okkur Vestmannaeyinga.

Kaflí 4. FRÁTAFIR. Þar kemur fram að stofnunin hefur einungis gert líkanatilraunir í sunnan öldu en ekki úr SV eða SA, sem er mjög ámælisvert.

Ég get ekki rengt þá niðurstöðu að ásættanlegt sé að miða siglingu yfir rifid í allt að 10% grunnbrota á 250 m kafla.

En það takmarkast við stærð skips og mat skipstjóra hverju sinni ásamt því hvar sjórinn kemur á skipið miðað við þá stefnu sem skipið er að fara! Þarna skilur á milli mín og skýrsluhöfundar!

Þeir nota einungis í sínum niðurstöðum og útreikningum öldu sem kemur beint aftan á ferjuna, en ekki öldu sem kemur úr VSV –eða SA, þær öldur koma á stjórnbörðshorn eða bakborðshorn ferjunnar.

Sjómenn þekkja það af langri reynslu að hættulegasta sigling í slæmum veðrum er einmitt við þær aðstæður þegar aldan kemur aftan á hornið á skipinu. Ég gef lítið fyrir skýringar skýrsluhöfundar varðandi það að brotalda þurfi að vera allt að



ALDAN brotnar framan við Lóðsin og hvolfist yfir stefni upp á miðja brúarglugga í um 4 metra hæð.

10m há til að ferjan velti: Hverjum myndi detta til hugar að vera að þvælast upp í Bakkafjöru við slíkar aðstæður?

Tökum heldur til athugunar erfiðar aðstæður, en samt fært skv. mati skýrsluhöfundar.

Dæmi: SA alda við meðalstórstraumsfjöru í 100 m breiðri öldu og ölduhæð 4 m, t.d. í desember þegar myrkur er meiripart sólarhringsins og veður að ganga niður eftir SA brælu: Ferjan kemur á ca. 6 sjómílna ferð að rifinu (ég nota 6 sjóm. vegna þess að ef hægjar er farið er stjórnhæfni skipsins mjög takmörkuð við þessar aðstæður).

Við skulum gefa okkur að ferjan sé vel lestuð og sé því á ca. 3,5 m djúpristu: Skyggni er mjög takmarkað í SA slyddu og hægum vindi.

Við þessar aðstæður koma ljóskastarar ferjunnar ekki að notum til að fylgjast með því hvort sjóir séu að koma fyrir aftan skipið.

Um leið og ferjan kemur á rifid ríður 4m alda undir ferjuna á SB hornið og lyftist því skipið upp um 2 m að aftan og fer um 2 m niður að framan.

Dýpi á rifinu er núna um það bil 2 m minna en ef sjór væri sléttur, sem gefur okkur því aðeins 4 m dýpi á þessu augnabliki.


Hver er staðan núna: Ferjan með djúpristu 3,5 m plús 2 m að framan og dýpi 4 m, þarna myndi ferjan reka stefnið niður í sandrifid!

Það er í sjálfu sér engin hættu þótt það sé ekki traustvekjandi að stefnið taki niður í á rifinu, en hættan þarna er sú að aldan sem lyfti skipinu kemur aftan á hornið og snýr því til austurs og þar með af siglingaleiðinni inn í 70 m breitt hafnarmynnið sem er í um 400 til 500 metra fjarlægð.

Núna hefur skipstjórinn aðeins innan við tvær mínútur til að rétta skipið af og stýra því inn á milli garðanna, eða lenda á varnar-görðunum. Þarna þarf mikið snaræði til að koma ferjunni á rétta leið, sjórinn mjög óstöðugur eftir að aldan hefur brotnað, sem gerir stjórnum erfiðari.

Við skulum ekki gleyma hverjar aðstæður eru þarna: Það er að ganga niður SA bræla og þungur sjór (en fært skv. mati Siglingastofnunar), skyggni lítið og myrkur.

Þessar aðstæður eru ekki óraunverulegar, heldur koma oft eftir



ÖLDUMÆLINGADUFLIÐ sýnir sléttan sjó.

VSV og SA brælu, sér í lagi um dimmustu mánuðina, nóvember, desember, janúar og febrúar.

Þann 23. febrúar var haldinn borgarafundur í Vestmannaeyjum um ferjusiglingar til Bakkafjöru.

Þá var blföskaparveður í Eyjum, nánast logn eftir SA átt deginum áður. Þann dag kl. 13.00 fór Lóðsin upp í Bakkafjöru með Gísla Jónasson, mikinn efasemdamaðmann um þessar framkvæmdir. Eins og áður sagði var bjart og blföda, ölduhæð skv. öldumælingadulfi við Bakkafjöru 2.1 m og því rennifæri skv. mati skýrsluhöfundar.

Var byrjað að fara að öldumælingadulflinu og mynda það, síðan var farið að fyrirhugaðri innsiglingarrennu fyrir Bakkafjörühöfn. (Þær staðsetningar eru í siglingatölvu Lóðsins). Þar voru aðstæður allar aðrar, en við öldumælingadulfið og var sigling inn rennuna ófær að okkar mati. Haldið var sjó á Lóðsinum í miðri innsiglingarrennunni við rifid en ekki sást vel dýpi vegna óróleika á staðnum, en dýpið mældist frá 6m niður fyrir 1m undir Lóðsinum á meðan við biðum eftir ölogum sem komu reglulega í fyrirhugaða innsiglingarrennu í þessu blföskaparveðri. Sjá myndir.

Ég spyr. Í fyrsta lagi: Hvernig hefði farið fyrir lítilli farþegaferju þarna? (Eins og t.d. PH Víking með ferðafólk til Eyja).

Í öðru lagi: Þarna var ölduhæð einungis 2,1m á dulflinu og skyggni gott. Hvað ef ölduhæð hefði verið 3,7m og myrkur? Hefði þá verið ásættanlegt að sigla ferjunni með farm og farþega (sem vanalega eru nú ekki allir vanir sjómenn, heldur konur, börn, gamalmenni og allt þar á milli).

Ekki gleyma því að þennan dag var aldan af SA á stjórnbörðshornið að aftan.

Ég er ekki að dæma Bakkafjöru sem alsælma og stórhættulega, heldur aðeins að benda á það að í loka-skýrslunni eru alls konar staðhæfingar, sem ekki fá staðist og einnig notast við gögn sem eru heimfærð upp á Bakkafjöru og í sumum tilvikum engar athuganir. Líklega vantar forsendur hjá skýrsluhöfundum til þess að geta sagt sannleikann og lífsnauðsynlegt að mínu mati að gera vettvangsmælingar og rannsóknir við raunverulegar aðstæður.

Sveinn Rúnar Valgeirsson.
skipstjóri á Lóðsinum.